

## **Tillaga til 463. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. október 2020**

Tillaga frá 1123. fundi bæjarráðs, sem fram fór 28. september sl., um að bæjarstjórn samþykki aukningu á hlutafé í Hvetjanda hf. eignarhaldsfélagi um kr. 1.500.000 og felur bæjarstjóra að gera viðauka vegna málsins.

Viðauki vegna málsins var lagður fram á 1124. fundi bæjarráðs, sem fram fór 5. október sl., þar sem bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 14 við fjárhagsáætlun 2020 vegna endurskoðaðrar tekjuáætlunar og framkvæmdaáætlunar 2020.

### **11. Skúrin, samfélagsmiðstöð, fyrirtækjahótel og frumkvöðlasetur á Flateyri - 2020060045**

Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, dags. 25. september 2020, þar sem lagt er til að Ísafjarðarbær auki hlutafé í Hvetjanda hf. eignarhaldsfélagi um kr. 1.500.000, vegna Skúririnnar, samfélagsmiðstöðvar, frumkvöðlaseturs og fyrirtækjahótels á Flateyri.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja aukningu á hlutafé í Hvetjanda hf. eignarhaldsfélagi um kr. 1.500.000 og felur bæjarstjóra að gera viðauka vegna málsins.*

### **3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020 - 2020010031**

Lagður fram viðauki 14 við fjárhagsáætlun 2020 vegna endurskoðunar tekjuáætlunar og framkvæmdaáætlunar 2020, og viðaukaáætlun vegna fjárfestinga 2020.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er neikvæð um kr. 454.030.609.

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 294.088.722, eða lækkun rekstrartaps úr kr. - 71.458.755, í kr. -365.547.477. Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 454.030.609, eða lækkun rekstrarframlags úr kr. 81.541.245, í rekstrarhalla kr. -372.489.364.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 14 við fjárhagsáætlun 2020 vegna endurskoðaðrar tekjuáætlunar og framkvæmdaáætlunar 2020.*

*Viðaukaáætlun vegna fjárfestinga 2020 lögð fram til kynningar.*